

1996 nr. 162 31. desember

Lög um auknar ábyrgðir vegna norrænnar fjárfestingaráætlunar fyrir Eystrasaltsríkin 1996–1999 og nýs lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéraðum Norðurlandanna

Tóku gildi 2. janúar 1997.

■ 1. gr.

□ Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 330.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingarlána og fjárfestingarábyrgða í tengslum við norræna fjárfestingará-

ætlun fyrir Eystrasaltsríkin.

■ 2. gr.

□ Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast hluta Íslands, að fjárhæð allt að 1.100.000 ECU, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna lána til umhverfismála í grannhéraðum Norðurlandanna.

■ 3. gr.

□ Ríkisstjórninni er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgðir skv. 1. og 2. gr. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að staðfesta breytingar á 6. gr. samþykka bankans með því að bæta við greinina c-lið um lán til umhverfismála í grannhéraðum Norðurlandanna.

■ 4. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.